

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS
Skýrslu gerir Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	IV / 31.1
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, 8. júlí 2004. Kl. 11:00		
Sakarefni: Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995)		
Vitni: Arnfinnur Sævar Jónsson	Kennitala: 220758-7379	
Starf/staða: Verslunarmaður	Vinnusími: 588 7233	
Lögheimili: Súlunes 16, Garðabær	Sími: 564 2204/894 2428	
Dvalarstaður:	Sími:	
Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.		

Sævar er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum tiltekinna forsvarsmanna Baugs-Group hf. í tengslum við viðskipti við Fjárfar ehf.

Sævar er fyrrverandi stjórnarmaður félagsins Fjárfar ehf. og í ljósi þess var hann boðaður til skýrslutökunnar og óskað eftir því að hann gefi skýrslu sem vitni í málinu.

Sævari er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, þ.e. sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá, og draga ekkert undan sem máli kann að skipta en röng skýrsla vitnis getur varðað refsiaábyrgð.

Sævar kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og er reiðubúinn að tjá sig.

Stofnun, stjórnun og eignarhald Fjárfars ehf.

Sævar er beðinn um að skýra frá því þegar Fjárfar ehf. var stofnað, aðdraganda þess og þátttöku hans í því ferli.

Sævar segir að Tryggvi Jónsson hafi leitað til hans og beðið hann að koma að stofnun félags sem átti að kaupa 10-11, kaup sem Íslandsbanki ætlaði að fjármagna. Tilgangurinn hafi verið að setja 10-11 á hlutabréfamarkað og segir Sævar að Tryggvi hafi boðið honum hlut í þeim hagnaði sem af þessum viðskiptum hlystist. Sævar kveðst aldrei hafa fengið nokkuð fé út úr þessu og þegar hann hafi leitað til Tryggva varðandi þetta, fljótlega eftir stofnun félagsins sennilega um vorið 1999, og hvort hann ætti að geta um félagið í skattskýrslu sinni hafi Tryggvi sagt honum að ekkert hefði orðið úr þessu og Sævar væri komin úr stjórn.

Sævar segir að Tryggvi hafi sagt sér að Sigfús yrði líka einn af stofnendunum, en Sævar kveðst aðspurður ekki hafa þekkt Sigfús fyrir.

Undir Sævar er borið skjal málsins nr. II/25.1.1 sem er "stofnsamningur fyrir Fjárfar ehf." dags. 11. nóvember 1998. Sævar er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á skjalinu. Einnig er hann spurður hver hafi útbúið þetta skjal.

Sævar kveðst þekkja undirritun sína á skjalinu, en hann kveðst ekki vera viss um hver útbjó þetta skjal en hann hafi haldið að það væri KPMG þar sem Tryggvi var að vinna fyrir þá áður. Þetta skjal hafi legið á borðinu hjá Sigfúsi í Heklu þegar Sævar kom þangað að beiðni Tryggva til að skrifa undir. Sævar man ekki eftir að Tryggvi hafi verið þarna visðtaddur en hann sagðist halda að einhver hafi verið þarna auk Sigfúsar, e.t.v. einhver frá KPMG, hann kvaðst ekki muna þetta nákvæmlega.

06072

Sævar er spurður hvort hann hafi greitt það hlutfé sem hann er skráður fyrir skv. stofnsamningnum.

Sævar kvaðst ekki hafa greitt það hlutfé sem hann er skráður fyrir skv. stofnsamningnum og hann kveðst ekki vita hvort það hafi nokkurn tíma verið greitt og þá af hverjum.

Undir Sævar er borið skjal málsins nr. II/25.1.2., “Samþykktir fyrir einkahlutafélagið Fjárfar ehf.” dags. 11. nóvember 1998. Sævar er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á skjalinu. Einnig er hann spurður hver hafi útbúið þetta skjal.

Sævar kveðst þekkja undirritun sína á skjalinu, en hann kveðst ekki vera viss um hver útbjó þetta skjal en hann hafi haldið að það væri KPMG þar sem Tryggvi var að vinna fyrir þá áður. Þetta skjal hafi legið á borðinu hjá Sigfúsi í Heklu þegar Sævar kom þangað að beiðni Tryggva til að skrifa undir. Sævar man ekki eftir að Tryggvi hafi verið þarna visðtaddur en hann sagðist halda að einhver hafi verið þarna auk Sigfúsar, e.t.v. einhver frá KPMG, hann kvaðst ekki muna þetta nákvæmlega.

Undir Sævar er borið skjal málsins nr. II/25.1.3., “Fundargerð”, dags. 11. nóvember 1998. Sævar er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á skjalinu. Sævar er spurður hvar og hvenær þessi fundur hafi átt sér stað og hverjir voru viðstaddir þennan fund auk Sigfúsar og Sævars. Einnig er hann spurður hver hafi útbúið þetta skjal.

Sævar kveðst þekkja undirritun sína á skjalinu, en hann kveðst ekki vera viss um hver útbjó þetta skjal en hann hafi haldið að það væri KPMG þar sem Tryggvi var að vinna fyrir þá áður. Þetta skjal hafi legið á borðinu hjá Sigfúsi í Heklu þegar Sævar kom þangað að beiðni Tryggva til að skrifa undir. Sævar man ekki eftir að Tryggvi hafi verið þarna visðtaddur en hann sagðist halda að einhver hafi verið þarna auk Sigfúsar, e.t.v. einhver frá KPMG, hann kvaðst ekki muna þetta nákvæmlega.

Sævar segir að í raun hafi ekki verið um eiginlegan stjórnarfund að ræða, þetta hafi verið eitt af þeim skjölum sem hann skrifaði undir í Heklu hjá Sigfúsi að beiðni Tryggva.

Undir Sævar er borið skjal málsins nr. II/25.1.4., “Tilkynning til hlutafélagaskrár” dags. 11. nóvember 1998. Sævar er spurður hvort hann kannist við undirritun sína á skjalinu. Einnig er hann spurður hver hafi útbúið þetta skjal.

Sævar kveðst þekkja undirritun sína á skjalinu, en hann kveðst ekki vera viss um hver útbjó þetta skjal en hann hafi haldið að það væri KPMG þar sem Tryggvi var að vinna fyrir þá áður. Þetta skjal hafi legið á borðinu hjá Sigfúsi í Heklu þegar Sævar kom þangað að beiðni Tryggva til að skrifa undir. Sævar man ekki eftir að Tryggvi hafi verið þarna visðtaddur en hann sagðist halda að einhver hafi verið þarna auk Sigfúsar, e.t.v. einhver frá KPMG, hann kvaðst ekki muna þetta nákvæmlega.

Aðspurður kveðst Sævar ekki hafa kynnt sér ofangreind skjöl að neinu ráði áður en hann skrifaði undir, hann hafi skrifað undir þessi skjöl eins og hann hafði verið beðinn um. Sævar sagðist hafa talið að um væri að ræða nokkurn veginn stöðluð form í tengslum við stofnun félags.

Undir Sævar er borið skjal málsins nr. II/25.1.5., sem er tilkynning til hlutafélagaskrár dags. 30. desember 1999 og undirrituð af Helga Jóhannessyni hrl. Sævar er spurður hvort hann hafi verið viðstaddur á þessum hluthafafundi sem í tilkynningunni er skýrt frá og Sævar kosinn í stjórn félagsins.

Sævar kveðst ekki hafa verið viðstaddur þennan fund og hann kveðst ekki hafa vitað af honum enda taldi hann að hann væri kominn út úr félaginu skv. orðum Tryggva. Hvorki Helgi eða nokkur annar hafi haft samband við hann varðandi þennan fund eða varðandi áframhaldandi setu hans í stjórn.

Skv. gögnum málsins var Sævar í stjórn Fjárfars ehf. frá stofnun til 11. júní 2004 skv. tilkynningu Sævars til hlutafélagaskrár dags. 11. júní 2004. (skjal II/25.1.11) Sævar er spurður hvort að það sé rétt og einnig er hann spurður hvort hann hafi haldið sínum eignarhlut þ.e. 1.000.000 kr. hlut í félaginu.

Sævar segir að þetta sé rétt, hann segist ekki hafa haft hugmynd um að hann væri í stjórn félagsins sbr. svör hans hér að ofan. Við yfirheyrslur hjá skattrannsóknarstjóra hafi hann hinsvegar komist að öðru og hann hafi því í framhaldi af því sent þessa tilkynningu til hlutafélagaskrár og sagt sig úr stjórn. Sævar sagðist hafa minnst á þetta við Tryggva þar sem hann var ekki ánægður með þetta en hann segir Tryggva hafa svarað því að hann hafi beðið ákveðið fólk að sjá um að losa Sævar úr félaginu á sínum tíma en það hafi greinilega misfarist. Sævar kvðest ekkert hafa gert í því að ráðstafa þeim hlut sem hann var skráður fyrir skv. stofnsamningi enda hafði hann aldrei greitt hann og leit ekki á sig sem hluthafa.

Sævar er beðinn um að lýsa samstarfi sínu með öðrum stjórnarmönnum Fjárfars ehf. á þeim tíma sem hann sat í stjórn þ.e. Sigfúsi frá 11. nóvember 1998 til 30. desember 1999, Helga Jóhannessyni frá 30. desember 1999 til 5. mars 2002 og Jóhannesi Jónssyni frá 5. apríl 2002 til 11. júní 2004.

Sævar segir að einu samskipti hans við Sigfús hafi verið þau sem að ofan greinir, þ.e. undirritun stofnpappíra, síðan hafi þeir ekki hist fyrr en við rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra í maí 2004. Sævar kveðst vera málkunnugur Helga en hann hafi aldrei setið með honum fundi vegna Fjárfars eða á annað borð rætt nokkuð um það félag við hann enda sagðist Sævar aldrei hafa gert sér grein fyrir að þeir væru saman í stjórn félags. Það sama má segja um Jóhannes, Sævar kveðst vera málkunnugur honum en hann hafi aldrei setið með honum fundi vegna Fjárfars eða á annað borð rætt nokkuð um það félag við hann enda sagðist Sævar aldrei hafa gert sér grein fyrir að þeir væru saman í stjórn félags. Sævar kveðst aldrei hafa setið fundi vegna þessa félags eða tekið nokkrar ákvarðanir varðandi það.

Sævar er beðinn um að lýsa aðkomu sinni að rekstri Fjárfars ehf. og starfi sínu fyrir félagið.

Sævar segir að aðkoma hans að rekstri félagsins sé engin og ekkert starf af hans hendi. Sævar segist ekki hafa hugmynd um það hver rak félagið enda skipti hann sér ekkert af því þar sem hann taldi sig ekki tengjast því lengur.

Sævar er spurður í hverra höndum ákvarðanatataka hafi verið í viðskiptum og rekstri Fjárfars ehf. á þeim tíma sem hann var í stjórn félagsins.

Sævar segist ekki hafa hugmynd um það.

Sævar er spurður í ljósi þess framburður sem hér er fram kominn hver hann hafi talið að væri raunverulegur stofnandi/eigandi og rekstraraðili félagsins.

Sævar segist ekki hafa vitað það, aðspurður segir hann að eini maðurinn sem hann hafi átt samskipti við varðandi þetta félag á sínum tíma utan Sigfúsar við stofnunina hafi verið Tryggvi Jónsson.

Undir Sævar er borið fylgiskjal 4.1 sem er hluti af skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins (SRS) á málefnum Fjárfars ehf. (skjal II/37.4.1-3) sem afhent var embætti ríkislögreglustjóra 29. júní 2004 vegna rannsóknar þessarar. Um er að ræða samning dags. 9. ágúst 2001 á milli Helga Jóhannessonar og Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. Í samningum kemur m.a. fram að Gaumur komi fram f.h. hluthafa Fjárfars og að Kristín Jóhannesdóttir sé tengiliður hluthafa við Helga.

Sævar er spurður hvort honum sé þessi samningur kunnugur og eða hvort honum hafi verið það ljóst að Gaumur kæmi fram f.h. hluthafa í Fjárfari og Kristín væri tengiliður hluthafa við stjórnarformanninn.

Sævar kveðst aldrei hafa séð þennan samning (utan þess að sjá hann við yfirheyrslu hjá SRS) eða hafa vitað af honum. Hann hafi á engan hátt vitað af skilmálum samningsins.

Samkvæmt þeim gögnum sem lögregla hefur sagði Helgi sig úr stjórn Fjárfars ehf. þann 5. mars 2002. Sævar er spurður hvort honum hafi verið tilkynnt um það, sérstaklega í ljósi þess að skv. þessu hefur Sævar verið einn í stjórninni þar til Jóhannes Jónsson kom inn sem stjórnarformaður 5. apríl 2002.

Sævar segir að honum hafi ekki verið þetta ljóst enda taldi hann sig ekki vera í stjórn félagsins.

Undir Sævar er borið fylgiskjal 6.4 úr skýrslu SRS (skjal II/37.4.1-3). Um er að ræða bréf til Íslandsbanka undirritað af Helga Jóhannessyni sem varðar endurfjármögnun á lánnum. Í bréfinu kemur fram hverjir eru stærstu eigendur Fjárfars ehf. skv. hluthafaskrá. Þar kemur fram að Sævar Jónsson eigi 20% hlut. Sævar er spurður hvort að þetta sé rétt.

Sævar segir þetta ekki rétt, hann kveðst aldrei hafa átt neinn hlut í þessu félagi.

Samstarfssamningur vegna kaupa Fjárfars á hlutabréfum í Vöruveltunni:

Undir Sævar er borið fylgiskjal 9.1 - 9.3 sem er hluti af skýrslu skattransóknarstjóra ríkisins (SRS) á málefnum Fjárfars ehf. (skjal II/37.4.1-3). Um er að ræða samning um kaup Fjárfars á 10,2% hlut í Vöruveltunni dags. 27. apríl 1999. Einnig er borið undir Sævar fylgiskjal 9.6 úr sömu skýrslu SRS en þar er um að ræða símbréf frá Sævari dags. 28. apríl 1999 þar sem hann veitir Guðmundi Tómassyni umboð til að undirrita samstarfssamninginn.

Sævar er beðinn um að staðfesta undirritun sína á umboðið og spurður um vitneskju hans og þátttöku í þessum viðskiptum.

Sævar segist hafa skrifað þetta umboð í Sviss eftir forskrift Tryggva. Sævar segir að Tryggvi hafi hringt í sig og sagt honum að það vantaði umboð fyrir starfsmann Íslandsbanka til að skrifa undir f.h. Fjárfars til að ganga frá samningi. Tryggvi hafi sagt honum hvað standa átti á umboðinu og Sævar hafi sent það af hótelinu í Sviss. Aðspurður um þessi viðskipti sagðist Sævar ekki þekkja þau en hann hafi talið að um væri að ræða lið í þeim viðskiptum sem Fjárfar ehf. var upphaflega stofnað til þ.e. að kaupa 10-11 Sævar segir að það hafi verið í framhaldi af þessu að hann leitaði til Tryggva og spurðist fyrir um stöðu mála og Tryggvi tjáði honum að ekkert væri í gangi og hann myndi leysa hann úr stjórn eins og áður hefur komið fram.

Viðskipti við Baug-Group hf. 2000 - 2001:

Sævari er kynnt að þau viðskipti sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001. Sævar var í stjórn Fjárfars yfir þetta tímabil sem um ræðir. Sævar er spurður hvort hann hafi einhverja vitneskju um eftirtalin viðskipti:

16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m * 12,9" - kr. 64.500.000

30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000

13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárukning" - kr. 85.758.591

Sævar segist ekkert vita um þessi viðskipti og hann hafi ekki vitað um það að Fjárfar stæði í þessum viðskiptum.

Sævar er spurður hvort hann hafi tekið þátt í einhverju viðskiptum á vegum Fjárfars á annan hátt en nú hefur komið fram með veitt umboð hans til Guðmundar Tómassonar.

Sævar segir að hann hafi ekki gert það.

Sævar er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Sævar vill taka það fram að hann hafi aldrei séð ársreikninga félagsins, komið að gerð þeirra eða undirritað þá.

Skýrslutöku lauk kl. 12¹⁰

Staðfest rétt eftir haft:



Arnfinnur Sævar Jónsson

Skýrsluna skráði:



Aldís Hilmarsdóttir